

## Lýsigögn

### Tilraunatölfræði: Staðgreiðsluskyldar greiðslur

Tekjur einstaklinga geta til dæmis verið í formi launa, hlunninda, bóta- og lífeyrisgreiðslna, styrkja og fjármagnstekna. Almennt eru flestar tekjur einstaklinga *skattskyldar* en með [nokkrum undantekningum þó](#) eins og barnabætur og nokkrar tegundir greiðslna frá Tryggingastofnun. Árlega birtir [Hagstofan upplýsingar um meðaltekjur einstaklinga](#) byggt á skattframtölum einstaklinga sem eru skattskyldir hér á landi og skilað hafa framtali til Skattsins. Hins vegar liggja fyrir tímanlegri upplýsingar um staðgreiðsluskyldar tekjur einstaklinga en þeim, sem teljast greiðendur samkvæmt [lögum um staðgreiðslu opinbera gjalda nr. 45/1987](#), ber að skila mánaðarlega skilagrein með sundurliðuðum upplýsingum um hvern þann einstakling sem þeir greiða staðgreiðsluskylda greiðslu. Uppgjör vegna staðgreiðslu af launum samkvæmt lögnum er grunnur þessa talnaefnis og við úrvinnslu hefur Hagstofan auðgað gögn svo hægt sé að nýta þau til hagskýrslugerðar, til að mynda aðgreint launagreiðslur frá öðrum greiðslum og bætt við atvinnugrein, kyni, aldri, búsetu og bakgrunni.

Vakin er athygli á því að tölur geta breyst vegna síðbúinna skila eða leiðréttinga frá greiðendum staðgreiðsluskyldra greiðslna. Slíkar breytingar leiða yfirleitt til hækkunar greiðslna eftir mánuðum og á það einkum við nýjasta tímabil talanefnis. Í tilfelli launagreiðslna er algengara að fyrirtæki sem greiða fáum starfsmönnum laun skili gögnum seint. Þá geta tölur breyst ef atvinnugreinasráningu er breytt í fyrirtækjaskrá Hagstofunnar eða lögheimilisskráningu í þjóðskrá en slíkar breytingar geta gilt afturvirk. Breyting á atvinnugrein getur komið til vegna breytingar á starfsemi fyrirtækis eða endurskoðun Hagstofunnar á flokkun.

**Staðgreiðsluskyldar greiðslur** (heildarsumma) til einstaklinga eru bráðabirgðatölur í íslenskum krónum og á verðlagi hvers mánaðar. Um er að ræða samtölur tekna sem einstaklingar fá greitt og falla undir staðgreiðsluskyldar greiðslur [samkvæmt lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda](#).

Staðgreiðsluskyldum greiðslum er skipt í **sjö tegundir greiðslna**. Tegundir eru byggðar á greiðendum.

#### 0. Allar staðgreiðsluskyldar greiðslur

1. **Launagreiðslur** innihalda stærstan hluta launatekna vegna atvinnu sem greiddar eru mánaðarlega til launafólks. Til launa teljast endurgjald fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu, til dæmis laun, hlunnindi, desember- og orlofsuppbót, eingreiðslur, risnufé og ökutækastyrkir.
2. **Fæðingarorlofsgreiðslur** eru allar staðgreiðsluskyldar greiðslur til einstaklinga frá Fæðingarorlofssjóði, þar með talinn fæðingarstyrkur.
3. **Atvinnuleysisgreiðslur** eru allar staðgreiðsluskyldar greiðslur til einstaklinga vegna atvinnuleysisbóta.
4. **Lífeyrisgreiðslur** eru staðgreiðsluskyldar lífeyris- og séreignalífeyrisgreiðslur (þar með talin sérstök útgreiðsla séreignarsparnaðar) sem greiddar eru til einstaklinga af lífeyrissjóðum, bönkum og sjóðum ásamt eftirlaunum.
5. **Bætur frá Tryggingastofnun og Sjúkratryggingum** eru allar staðgreiðsluskyldar greiðslur til einstaklinga frá Tryggingastofnun og Sjúkratryggingum, þar með talið elli-, endurhæfingar- og örorkulífeyrir, slysadagpeningar og tekjutrygging. Þær greiðslur sem eru ekki staðgreiðsluskyldar eru ekki hluti talnanefnis svo sem barnameðlag og -lífeyrir auk ýmissra styrkja.

6. **Félagsaðstoð sveitarfélaga** eru allar staðgreiðsluskyldar greiðslur til einstaklinga á grundvelli laga um [félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 20/1991](#), til að mynda framfærslustyrkur. Sá hluti fjárhagsaðstoðar sem er ekki skattskyldur telst ekki með talnaefni, þar með talið ýmsar heimildagreiðslur eins og vegna leikskóla og tómstundaiðju barna.
7. **Aðrar staðgreiðsluskyldar greiðslur** eru staðgreiðsluskyldar greiðslur til einstaklinga sem ekki hafa verið taldar upp hér að ofan, til að mynda styrkir stéttarfélaga, bætur tryggingarfélaga og greiðslur úr ábyrgðasjóði launa.

Í talnaefninu eru einungis meðtaldar þær greiðslur til einstaklinga sem falla undir staðgreiðslu en lista yfir greiðslur sem falla ekki undir staðgreiðslu má finna í [reglugerð 591/1987](#). Þá eru fjármagnstekjur ekki hluti talnaefnis sem og tekjur einyrkja með rekstur á eigin kennitölu sem greiða sjálfum sér reiknað endurgjald. Áætlað er að tekjur einyrkja, sem greiða sjálfum sér reiknað endurgjald, verði hluti af talnaefni þegar fram líða stundir.

Til að gefa mynd af umfangi heildartekna, óháð því hvort þær eru staðgreiðsluskyldar eða ekki, eru **samanlagðar árstekjur einstaklinga samkvæmt skattframtali** birtar í talnaefni. Um er að ræða samanlagðar árstekjur einstaklinga sem eru skattskyldir hér á landi og skilað hafa framtali til Skattsins tekjuárin 2005 til 2019 á verðlagi hvers árs. Samtalan er birt eftir sveitarfélögum og að auki brotin niður á atvinnutekjur, reiknað endurgjald, fjármagnstekjur og aðrar tekjur. Í samtölunni eru allir meðtaldir, þar með talið þeir sem eru með áætlað og handreiknað framtal. Upplýsingar taka mið af stöðu í júní ár hvert fyrir breytingar, kærur og endurákvæðanir. Vakin er athygli á því að í talnaefni um tekjur samkvæmt skattframtölum er ekki sama skilgreining á búsetu og í talnaefni um staðgreiðsluskyldar greiðslur til einstaklinga.

Samtala einstakra tegunda staðgreiðsluskyldra greiðslna er birt eftir kyni, aldri, búsetu og bakgrunni. **Kyn** byggir á skráðu kyni í þjóðskrá. Talnaefni inniheldur ekki niðurbrot á hlutlausu kyni vegna fámennis. Til að dylja upplýsingar eru skráningar á hlutlausu kyni sett handhófskennt annað hvort í karl eða konu.

**Aldur** er birtur eftir fimm ára aldursbilum, 15 til 19 ára, 20 til 24 ára ... 65 til 69 ára, 70 ára og eldri. Einnig eru birt aldursbilin 16 til 24 ára, 25 til 54 ára, 55 til 74 ára og 75 ára og eldri.

**Búseta** tekur mið af því sveitarfélagi/landshluta þar sem einstaklingur er með lögheimili í þann mánuð sem hann fær staðgreiðsluskyldar greiðslur. Upplýsingar eru sóttar í mannfjöldagögn Hagstofunnar sem byggja á íbúaskrá Þjóðskrár Íslands. Fyrsti stafurinn í sveitarfélaganúmerinu gefur til kynna hvaða landshluta sveitarfélagið tilheyrir og flokkun landhluta eftirfarandi: Höfuðborgarsvæðið (0 og 1), Suðurnes (2), Vesturland (3), Vestfirðir (4), Norðurland vestra (5), Norðurland eystra (6), Austurland (7) og Suðurland (8).

Sveitarfélag í talnaefni um árstekjur samkvæmt skattframtali byggir hins vegar á búsetu einstaklinga skráð á framtal sem er áætluð búseta í sveitarfélagi tengd útsvari.

**Staðsetning lögheimilis** er skipt niður eftir því hvort viðkomandi á lögheimili á Íslandi eða ekki. Lögheimili manns er sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu. Hver sá sem dvelst eða ætlar að dveljast á Íslandi í sex mánuði eða lengur skal eiga lögheimili samkvæmt [lögum nr. 21/1990](#). Sá sem dvelst eða ætlar að dveljast í landinu vegna atvinnu í þrjá mánuði eða lengur má þó eiga lögheimili hér.

**Bakgrunni** er skipt í innflytjendur og íslenskan bakgrunn. Einstaklingur sem er fæddur erlendis og á foreldra sem einnig eru fæddir erlendis, svo og báðir afar hans og báðar ömmur, telst innflytjandi samkvæmt aðferðum Hagstofunnar. Aðrir teljast hafa einhvern íslenskan bakgrunn.

**Atvinnugrein launagreiðanda** byggir á aðalatvinnugrein launagreiðanda samkvæmt fyrirtækjaskrá Hagstofunnar í samræmi við [ÍSAT2008-atvinnugreinaflokkun](#). Birtar eru upplýsingar um yfirflokka atvinnugreina, deildir eða samantektir á bálkum, en einstaka flokkar taka mið af því að launagreiðandi getur verið í blönduðum rekstri. Sjá yfirlit og nánari lýsingu í flípa sem heitir „Um ISAT2008“ í talnaefni um [staðgreiðsluskyldar launagreiðslur](#). Athugið að birtar atvinnugreinar geta skarast og þar af leiðir að ef allar atvinnugreinar, sem settar eru fram í talnaefninu, eru lagðar saman fæst ekki sama niðurstaða og birt heildartala (alls).

**Fjöldi launagreiðenda sem greiða staðgreiðsluskyld laun** eru allir aðilar sem skila sundurliðun launagreiðslna fyrir a.m.k. einn móttakanda launa til Skattsins. Talning launagreiðenda byggist á auðkenni lögaðila sem tengist kennitölu hans. Hver kennitala lögaðila telst því sem einn greiðandi. Athugið að birtar atvinnugreinar geta skarast og þar af leiðir að ef allir flokkar eru lagðir saman fæst ekki sama niðurstaða og heildartala. Heildartala (alls) telur hvern launagreiðanda einungis einu sinni.

**Fjöldi einstaklinga sem fær greidd staðgreiðsluskyld laun** er talning á hverjum þeim sem fær greidd staðgreiðsluskyld laun frá launagreiðanda. Í tilfalli launagreiðslna er ekki gerður greinamunur á því hvort viðkomandi sé í fullu starfi eða hlutastarfi og ekkert lágmarksviðmið er á launagreiðslum. Í einhverjum tilfellum getur launaupphæð verið mjög lág. Hver einstaklingur sem fær launagreiðslur telst einu sinni óháð launaupphæð. Athugið að birtar atvinnugreinar geta skarast og þar af leiðir að ef allir flokkar eru lagðir saman fæst ekki sama niðurstaða og heildartala. Þeir einstaklingar sem fá greidd laun hjá fleiri en einum launagreiðanda í ólíkum birtum atvinnugreinaflokkum teljast í báðum flokkum en heildartala (alls) telur hvern móttakanda launagreiðslu einungis einu sinni.